Uppgræðsla í beitarhólfi Hafnfirðinga í Krýsuvík

Áfangaskýrsla 2016, áætlun 2017



Landgræðsla ríkisins 2017
Lr 2017/01

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: Lr-2017/01 Dagsetning: 10.jan. 2017

Fjöld blaðsíðna:	4	Eintök:	Dreifing:	Opin

Heiti: Uppgræðsla í beitarhólfi Hafnfirðinga í Krýsuvík
Áfangaskýrsla 2016, áætlun 2017

Höfundar: Garðar Þorfinnsson

Verkefnisstjóri: Garðar Þorfinnsson

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Samstarfsaðilar: Hafnafjarðarbær, Garðabær

Útdráttur: Gerð er grein fyrir þeirri uppgræðslu sem unnið var að í beitarhólfi Hafnfirðinga í Krýsuvík 2016. Borið var á 94 ha lands og nam kostnaðurinn við það um 2,4 mkr. Árið 2017 er áformað að vinna á um 90 ha og er áætlaður kostnaður við það um 2,1 mkr.

Efnisorð: Uppgræðsla, beitarhólf, gróðurþekja, Krýsuvík, áburðardreifing

Garðar Þorfinnsson

Undirskrift verkefnisstjóra

Inngangur

Allt frá árinu 1988 hefur verið unnið að uppgræðslu og öðrum landbótum í beitarhólfi Hafnarfjarðarbæjar í Krýsuvík, en það er nytjað til sameiginlegar beitar sauðfjár frá Hafnarfirði og Garðabæ. Uppgræðslan hefur verið og er enn grunnforsenda þess að réttlætanlegt sé að nýta þetta land til beitar.

Þó árangur uppgræðslustarfsins sé góður og stór landsvæði hafi verið grædd upp er nokkuð í land með að fullnaðarárangri sé náð.

Í greinargerð þessari er sagt frá framkvæmdum ársins 2016 og lögð fram áætlun 2017 sem miðar einkum að því að tryggja varanleika undangenginna aðgerða.

Framkvæmdir 2016

Dagana 15. -17. júní dreifði verktaki á vegum Landgræðslunnar 16,8 tonnum af tilbúnum áburði á 94 ha lands. Megin áhersla var lögð á að bera á svæði syðst í beitarhólfinu, sjá meðfylgjandi kort. Við val á svæðum var stuðst við kortlagningu ársins 2013 og skoðunarferðir starfsmanna Landgræðslunnar og verktaka 2016. Heildarkostnaður við uppgræðsluna var um 2,4 mkr.



Mynd 1. Svæði sem búið er að græða upp með áburði og fræi í beitarhólfinu.

Áætlun 2017

Haldið verður áfram að að styrkja gróðurrýr svæði með það að markmiði að gera gróður sjálfbærann. Einnig er áformað að sá grasfræi í moldir utan í rofabörðum. Áformað er að fara að mestu á sömu svæði og dreift var á árið 2016. Lagt er til að unnið verði á um 90 ha lands árið 2017. Heildarkostnaður við þá framkvæmd er um 2,3 mkr. á verðlagi ársins 2017. Áætlun þessi er sett fram með fyrirvara um fjármögnun verkefnisins og almennar verðlagsbreytingar.
Fylgst verður með gróðurframvindu á uppgræðslusvæðunum næstu árin til að tryggja sem best árangur framkvæmda og gripið til viðeigandi aðgerða reynist þess þörf.

Lokaorð

Landgræðslan þakkar þeim samstarfið sem tekið hafa þátt í kostnaði við þetta brýna uppgræðsluverkefni. Verkefninu er þó ekki lokið og mikilvægt er að fjármagni verði áfram veitt til þess. Landgræðslan hvetur því samstarfsaðila til að styðja áfram við verkefnið fjárhagslega til að tryggja að sá árangur sem náðst hefur verði varanlegur.



Mynd 2. Svæði sem þarfnast áburðargjafar til að fylgja eftir aðgerðum fyrri ára.


Skýringar
Girðingar
Vegir
Aðgerðir innan beitarhólfs
N
0
0,5
1
1,5
2
Km
Uppgræðsla í Krýsuvík 2016
Landgræðsla ríkisins, GHI des. 2016. Grunnmynd © Loftmyndir ehf

Landgræðsla ríkisins • Gunnarsholti • 851 Hellu
Sími: 488 3000 • Fax: 488 3010 • land@land.is • www.land.is